



ÚTBOÐ Í HÖNNUN,  
ÚTVEGUN OG  
UPPSETNINGU  
VATNSRENNIBRAUTA OG  
STIGAHÚSS VIÐ  
SUNDLAUG  
REYKJANESBÆJAR

Mars 2020

REYKJANESBÆR  
UMHVERFISSIVÐ

**ÚTBOÐ 02032020**

ÚTDRÁTTUR

Um er að ræða útboð vegna tveggja nýrra vatnsrennibrauta og stigahús við Sundlaug Reykjanesbæjar. Stigahús (Turn) skal vera í þannig að hann þjóni fullkomlega báðum brautum. Innifalið í einingaverðum tilboðs er hönnun vatnsrennibrauta og tilheyrandi stigahús, hönnun burðarvirkis, hönnun rafmagns-, kaldavatns,- og heitavatns-, og frárennislagna sem og vatnsrennibrautir, stigahús og tilheyrandi búnað ásamt uppsetningu og fullnaðarfrágangi

## 1. Útboð vegna kaupa á vatnsrennibraut í Sundlaug Reykjanesbæjar

Umhverfissvið Reykjanesbæjar óskar tilboða í:

**Kaup á vatnsrennibraut og tilheyrandi stigahúsi fyrir Sundlaug Reykjanesbæjar, Sunnubraut 31. Reykjanesbæ, innifalið í tilboðinu skulu vera; tvær rennibrautir, turn, hönnun, uppsetning og annað það sem þarf til að skila full unnu verki skv. útboði þessu.**

## 2. Lýsing á verkefninu

Um er að ræða almennt útboð samkvæmt 1.tl.2 gr. Laga nr. 120/2016. Útboðið er auglýst á útboðsvef Ríkiskaupa og sent á söluaðila vatnsrennibrauta. Um er að ræða rafrænt útboð sem sent er út rafrænt.

Hagstæðasta tilboði samkvæmt matspáttum verður tekið og gerður samningur þar að lútandi. Kaupandi mun hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér rétt til að taka tilboði takist fjármögnun kostnaðar umfram áætlun.

## 3. Afhending tilboða

Tilboðum skal skila rafrænt í tölvupósti til [kristinn.th.jakobsson@reykjanesbaer.is](mailto:kristinn.th.jakobsson@reykjanesbaer.is) merktu í efnislínu (subject) tölvupóstsins:

***Nafn tilboðsgjafa; Tilboð í hönnun og uppsetningu vatnrennibrauta, stigahús og annars búnaðar í Sundlaug Reykjanesbæjar.***

Tilboðum skal skila eigi síðar en kl 13:00 29. apríl 2020

Útboðsgögn eru:

Útboðsgögn þessi

Tilboðsblað, tilboðsskrá

Útboðs- og verklýsing

Fylgigögn útboðs

Íslenskur staðall ÍST30

Gögn sem vísað er til í útboðsgögnum

Staðlar og reglugerðir sem gilda um framkvæmd sem þessa

## 4. Yfirlit útboðs

Útboðsauglýsing	25. mars 2020.
Kynningarfundur /vettvangskoðnun	Verður ekki haldin, en hægt er að kynna sér aðstæður við Sundlaug Reykjanesbæjar
Lokadagsetning fyrirspurna og athugasemda frá bjóðendum	21. apríl 2020 kl 13:00
Tilboðsfrestur	29. apríl 2020, kl 13:00
Opnun tilboða	29.apríl. kl 13:01
Mat tilboða - áætlað	Vika 18 -19
Val tilboðs og tilkynning um val tilboðs - áætlað	12 maí

Samningsgerð - áætlað	26. maí 2020
Gildistími tilboðs	1. júlí 2020
Afhendingartími boðinnar vöru/þjónustu, verklok	Skila skal hönnun burðarvirkis 15. júní 2020 Turn og rennubrautir og búnaður komin upp eigi síðar en 30. september 2020 Verklok 30. september 2020

#### 5. Samningi skipt í hluta

Útboð er ekki skipt í hluta

#### 6. Frávikstilboð

Heimilt er að skila inn frávikstilboði

#### 7. Framsetning tilboðs

Þjóðandi skal í tilboði tilgreina skýrt og greinilega hvaða lögaðili/lögpersóna er þjóðandi. Í tilboði skal einnig koma fram hvaða aðili innan fyrirtækisins beri ábyrgð á samskiptum vegna tilboðsins. Tilboð telst vera skuldbindandi þegar því hefur verið skilað. Tilboð skal vera lagt fram af aðila innan fyrirtækisins sem hefur skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins heimild til að skuldbinda það. Ef ósamræmi eða reiknivillur eru í tilboði, er kaupanda heimilt að miða við það einingarverð sem fram kemur á tilboðsblaði og tilboðskrá ef villa er augljós og leiðrétting raskar ekki jafnræði þjóðanda.

#### 8. Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera í hvern lið eins og fram kemur á sundurliðaðri tilboðsskrá.

Gefa skal verð í stigahús, rennibrautir ásamt tilheyrandi búnaði og annað það sem talið er upp í útboðsgögnum þessum, innifalið í einingaverðum skal vera kostnaður við ráðgjöf og hönnun, þar með talið allur kostnaður af því að hafa menn í vinnu, ferða- og fæðisgjald m.a. vegna undirbúnings- og hönnunarfunda, kostnaður við tæki og búnað, yfirstjórn, lögboðnar tryggingar, ágóði, allir skattar og opinber gjöld, hverju nafni sem þeir nefnast o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

Tilboðsverð skal vera með **virðisaukaskatti**.

#### 9. Samskipti á tilboðstíma

Óski þjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, eða hann verður var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæðina eða hann hefur athugasemdir við gögnin er þjóðandi hvattur til að senda skriflega fyrirspurn. Fyrirspurnin skal merkt: Nafni útboðs og nafni þjóðanda og umsjónaraðila, og send á: [gudlaugur.h.sigurjonsson@reykjanesbaer.is](mailto:gudlaugur.h.sigurjonsson@reykjanesbaer.is) fyrir 21. apríl 2020. Öllu fyrirspurnum verður svarað jafnóðum og þær berast, svör verða send til allra sem tilboðið fá.

## 10. Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð kl 13:01 þann 29.apríl. Þar sem um er að ræða rafrænt (tölvupóstur) útboð verður ekki haldinn eiginlegur opnunarfundur þar sem bjóðendur geta verið viðstaddir. Eftirfarandi upplýsingar verða sendar á alla bjóðendur: Nöfn bjóðenda, heildartilboðsfjárhæðir, kostnaðaráætlun.

Ekki er tekið við tilboðum eftir að tilboðsfresti líkur. Framsetning opnunarfundargerðar skv. 65. gr. OIL er með fyrirvara um að ekki hefur verið tekin afstaða til gildis tilboða og mat á þeim á eftir að fara fram.

## 11. Skilgreining á umfangi

Um er að ræða útboð vegna tveggja nýrra vatnsrennibrauta og stigahús við Sundlaug Reykjanesbæjar. Stigahús (Turn) skal vera í þannig að hann þjóni fullkomlega báðum brautum. Innifalið í einingaverðum tilboðs er hönnun vatnsrennibrauta og tilheyrandi stigahús, hönnun burðarvirkis, hönnun rafmagns-, kaldavatns-, heitavatns-, frárennslislagna sem og vatnsrennibrautir, stigahús og tilheyrandi búnað ásamt uppsetningu og fullnaðarfrágangi.

## 12. Kröfur til bjóðandi

Almennar kröfur til verkkaupa eru eftirfarandi:

Hámarksnýting á svæði rennibrauta, án þess að öryggi sundlaugargesta sé stefnt í hættu.

Kostur er að rennibrautarbúnaður bjóði upp á nýja upplifun fyrir sundlaugargesti, þ.e. eitthvað sem þeir hafa ef til vill ekki séð eða upplifað t.d. með lýsingu, hljóði eða hraða. Óskað er eftir yfirbyggðum, upphituðum og vel loftræstum turni sem myndar uppgöngu í rennibrautirnar.

Óskað er eftir upplýsingum um endingartíma rennibrautarhluta og staðfestan ábyrgðartíma frá framleiðanda.

Með tilboði skal fylgja allar upplýsingar um tækjabúnað svo sem dælur, mótor og rafmagnsnotkun sem eiga við viðkomandi tilboð.

Rennibrautarmannvirki og uppgöngustigahús skulu uppfylla kröfur íslenskra staðla og reglugerða sem gerðar eru er til slíkra mannvirkja.

Öll vinna á verkstað skal unnin í góðu samstarfi við rekstraraðila sundlaugarmannvirkis, eftirlitsmann verksins sem og viðkomandi byggingaryfirvalda. Mikilvægt er að viðhafa gott samstarf við aðalverktaka verksins en aðalframkvæmdin hefst á vormánuðum 2020, áætlað er að svæðið undir stigahús og rennibrautir verði tilbúið í viku 34-36, áætlað er að verklok verði 30. september 2020.

### 13. Kröfur vegna rennibrauta, stigahúss og búnaðar.

#### Stigahús / Turn skal vera:

- Turn skal þjónusta báðar rennibrautir fullkomlega. Vera lokaður fyrir vindi og veðrum
- Turn skal hanna í samræmi við íslenska álagsstaðla og hannaður til að þola veðráttu í samræmi við íslenskar aðstæður.
- Nægilega breiður til að tvær fullorðnar manneskjur rúmist í þrepi hans, hlið við hlið.
- Turninn skal vera úr gleri eða sambærilega gegnsæju efni t.d. Acrylic efni jafn tært og gler eða öðru jafngóðu.
- Turninn skal vera upphitaður
- Turninn skal vera með góðri lýsingu.
- Þrep í turni skulu vera lokað þ.e vatn leki ekki niður á þá sem standa neðar í stiganum
- Aðgangsstýring skal vera á stigapalli við rennubrautarop
- Allt stál skal vera heitgalvanhúðað þykkt 0,4 mm (400 mikró) eða varið á annan viðurkenndan hátt, stálgæði skulu vera S245-J2 eða betri eða annað metið jafn gott af verkkaupa. Suða EXC3.

#### Rennubrautir skulu vera :

- Tvær rennibrautir sem skulu uppfylla allar nútíma kröfur sem gerðar eru til rennibrauta.
- Haf landingarbrauta (sófa) sem hæfa viðkomandi braut.
- Efri brautin ekki hærrí en 10 metra hæð
- Neðri brautin ekki lægri en 4,5 í metra hæð
- Báðar brautir lokaðar, heilt rör
- Samsetningar í rennibrautum skulu vera slétt og falla 100% saman þannig að þeirra verði ekki vart, ekki samþykkt að kítta samskeyti.
- Allt stál skal vera heitgalvanhúðað þykkt húðunar 0,4 mm (400 mikró) eða varið á annan viðurkenndan hátt, stálgæði skulu vera S245-J2 eða betri. Suða EXC3.

Meðfylgjandi útboðsgögnum eru teikning sem lýsir hugmynd kaupenda og eru einungis til hliðsjónar fyrir bjóðendur, þær eru aðeins hugmynd ekki endaleg útfærsla. Þá er einnig teikning af svæði því sem helgað er rennubrautum tilheyrandi mannvirkjum.

### 14. Framkvæmdatími

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði. Hönnun burðarvirkis, hönnun rafmagns-, kaldavatns-, heitavatns-, frárennislagna sem og vatnsrennibrautir, stigahús og tilheyrandi búnað undirstöðu fyrir turn og rennibrautir ásamt skal skila inn eigið síðar en 15. júní 2020.

Uppsetningu rennibrauta og stigahúss skal lokið eigi síðar en 30. september 2020. Dragist verklok fram yfir 30. sept. 2020 skal verktaki greiða verkkaupa tafabætur sem nema 0,2% af heildar tilboðsupphæð.

### 15. Einkunnargjöf og val á samningsaðila.

Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við mat á tilboðum:

Verð	mest 70 %
Ábyrgð	mest 5 %
Öryggisþættir	mest 10 %
Hreinlæti	mest 5 %
Skemmtanagildi	mest 10 %.

Einkunn verður gefin fyrir hver þátt á eftirfarandi hátt.

#### Verð einkunn - mest 70 stig

$$\text{verðeinkunn} = \left( \frac{\text{Lægsta verð}}{\text{Boðið verð}} \right) * 70$$

#### Ábyrgð – mest 5 stig

Það er mat kaupanda að aukin ábyrgð dragi úr vistspori. Stig í þessum flokki eru veitt sem hér segir:

- Bjóðandi býður eitt (1) ár til viðbótar við fimm (5) ára ábyrgð á boðnum vörum = 1 stig
- Bjóðandi býður tvö (2) ár til viðbótar við fimm (5) ára ábyrgð á boðnum vörum = 2 stig
- Bjóðandi býður þrjú (3) ár til viðbótar við fimm (5) ára ábyrgð á boðnum vörum = 3 stig
- Bjóðandi býður fjögur (4) ár til viðbótar við fimm (5) ára ábyrgð á boðnum vörum = 4 stig
- Bjóðandi býður fimm (5) ár til viðbótar við fimm (5) ára ábyrgð á boðnum vörum = 5 stig

#### Öryggisþættir - mest 10 stig.

Er turn þannig gerður að öryggi notenda sé engin hættu búin? Eru grip á handriðum í turni, hæð og staðsetning þannig hönnuð að öryggiskröfur séu uppfylltar?

- Mjög sammála = 10 stig
- Sammála = 8 stig
- Hvorki né = 6 stig
- Frekar ósammála = 4 stig
- Algjörlega ósammála = 2 stig

#### Hreinlæti – mest 5 stig

Er hönnun rennibrauta og stighús þannig að hún lágmarki gróðurmyndun vegna loftunnar og gegndræpi vatns í þrepum?

- Mjög sammála = 5 stig
- Sammála = 4 stig
- Hvorki né = 3 stig
- Frekar ósammála = 2 stig
- Algjörlega ósammála = 1 stig

**Skemmtanagildi - mest 10 stig.**

Gefur hönnun rennibrauta og stigahús þ.e. lýsing, hljóð og hröðun meiri/betri upplifun og aukið skemmtanagildi?

Mjög sammála = 10 stig

Sammála = 8 stig

Hvorki né = 6 stig

Frekar ósammála = 4 stig

Algjörlega ósammála = 2 stig

Hagkvæmasta tilboð fæst með því að leggja saman stig úr ofnagreinum valforsendum. Það tilboð sem hlýtur flest stig telst hagkvæmast. Kaupandi mun hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér rétt til að taka slíkum tilboðum takist honum að útvega það fjármagn sem upp á vantar.

Og það tilboð sem fær hæstu einkunn verður tekið, samkvæmt forsendum sem hér að ofan er getið.

Dómnefnd mun rýna hönnun og gögn sem fylgja tilboðinu, leggja mat á og gefa einkunn skv. ofanskráðu.

**18. Áskilnaður**

Kostnaðaráætlun kaupanda liggur fyrir, en verður ekki gefin upp fyrr en við opnun tilboða. Kaupandi mun hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér rétt til að taka því tilboð sem hlýtur hæstu einkunn í ofnagreinum liðum fái hann fjármagn til verksins.

**19. Samningstími**

Verk telst hafið þegar verkkaupi hefur formlega tekið tilboði bjóðanda. Verki lýkur þegar lokauppgjör við framkvæmdaverktaka er frágengið og lokaúttekt hefur farið fram.

**20. Reikningar / Greiðslur**

Samkvæmt samþykktum framvindu verks.

**21. Kæruleiðir – réttarúrræði bjóðenda**

Í XI. og XII. kafla OIL er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Við nánari ákvörðun frestsins gildir eftirfarandi:

- Þegar kærð er ákvörðun um val tilboðs eða aðrar ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. skal miða upphaf frests við birtingu þeirra tilkynninga sem þar greinir, enda hafi þær að geyma tilskildar upplýsingar.

- Þegar höfð er uppi krafa um óvirkni samnings sem gerður hefur verið án undanfarandi útboðsauglýsingar skal miða upphaf frests við eftirfarandi birtingu tilkynningar um gerð samningsins í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, enda komi þar fram rökstuðningur ákvörðunar kaupanda um að auglýsa ekki innkaup.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna sem og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er. Sjá nánar 106. gr. OIL.

Fyrir hverja kæru skal greiða kærugjald að fjárhæð 150.000 kr. Þjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar réttarúrræði laga nr. 120/2016 (OIL).

[Upplýsingar um kærunefnd útboðsmála](#) eru birtar á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis.

## TILBOÐSBLAÐ

**Reykjanesbær – Tilboð í HÖNNUN, ÚTVEGUN OG UPPSETNINGU  
VATNSRENNIBRAUTA OG STIGAHÚSS VIÐ SUNDLAUG REYKJANESBÆJAR**

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð tilboð í hönnun, framleiðslu og uppsetningu vatnsrennibrauta og stigahús í Sundlaug Reykjanesbæjar að Sunnubraut 31 í Reykjanesbæ.

Tilboðið er gert í samræmi við samsvarandi útboðsgögn sem undirritaður hefur kynnt sér vandlega. Tilboðsupphæð með **virðisaukaskatti** er:

Heildartilboðsfjárhæð krónur

---

ritað í bókstöfum krónur

---

---

Tilboði skal skilað á rafrænan hátt.

---

Staður

Dagsetning

---

Nafn bjóðanda

Kennitala

---

Sími

Netfang

---

Nafn og kennitala undirritaðs

## Tilboðsskrá\*

**Reykjanesbær** – Tilboð í HÖNNUN, ÚTVEGUN OG UPPSETNINGU VATNSRENNIBRAUTA OG STIGAHÚSS VIÐ SUNDLAUG REYKJANESBÆJAR

## Sundurliðuð tilboðsskrá

	Hæð /lengd	Verð
Stigahús Turn		-kr
Efri rennibraut		-kr
Neðri rennibraut		- kr
	Hvað? Teg? Ath.	
Aðgangastýringar		- kr
Efri rennibraut		- kr
Neðri rennibraut		- kr
Tilheyrandi búnaður; lýsing og annað sem tilboðsgjafi tilgreinir í tilboði.		- kr
Uppsetning turns, brauta og annars búnaðar		- kr
	SAMTALS	- kr

Öll verð eru með  
**virðisaukaskatti**

\*Excelskjál með tilboðsskrá er meðfylgjandi útboði þessu.